



FRÉTTATILKYNNING FRÁ  
SKRIFSTOFU FORSETA ÍSLANDS

## FORSETAHJÓNIN HEIMSÆKJA GRUNDASKÓLA Á AKRANESI

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson og Dorrit Moussaieff forsetafrú heimsækja Grundaskóla á Akranesi á morgun, þriðjudaginn 31. janúar. Grundaskóli fékk á liðnu ári Íslensku menntaverðlaunin í flokki skóla sem sinnt hafa vel nýsköpun og farsælu samhengi í fræðslustarfi.

Nemendur, skólastjóri og kennarar í Grundaskóla taka á móti forsetahjónunum kl. 09:00 í fyrramálið og eftir stutta móttökuathöfn verður gengið um deildir skólans þar sem forsetahjónin kynna sér kennsluhætti, spjalla við nemendur og taka þátt í margvíslegum atburðum. Dagskrá á sal skólans hefst síðan kl. 10:50 þar sem forseti mun ávarpa nemendur og svara spurningum þeirra.

Forsetahjónin heimsækja jafnframt Íþróttamiðstöðina á Akranesi og sundlaugina og sitja að lokum hádegisverð í boði bæjarstjórnar.

Í umsögn dómnefndar Íslensku menntaverðlaunanna um Grundaskóla sagði m.a.: „Grundaskóli hefur ávallt verið framsækinn skóli og þar hefur verið lögð rækt við fjölbreytta náms- og kennsluhætti. Í skólanum hafa verið unnin mörg áhugaverð þróunarverkefni þar sem lögð er áhersla á skapandi og fjölbreytt viðfangsefni. Þá hafa list- og verkgreinar frá fyrstu tíð skipað stóran sess í starfi skólans.

Grundaskóli hefur ávallt hugað vel að félagsstarfi nemenda og eru þeir hvattir áfram á því sviði sem öðrum. Þess má geta að nemendur taka fullan þátt í móttöku gesta sem koma í skólann til að kynna sér starfið og hafa gestirnir því tækifæri til að kynna sér lífið í skólanum með milliliðalausri rökræðu við nemendur. Einnig hefur samstarf skólans við

heimilin verið ákaflega gott allt frá upphafi og er öflugt foreldrafélag starfandi við skólann.

Stjórnendur og kennarar Grundaskóla hafa verið duglegir að sækja sér viðbótarmenntun sem nýtist skólanum í allri þróun starfsins. Mikil áhersla er lögð á góða samvinnu starfsmanna sem skilar sér í jákvæðu og metnaðarfullu skólastarfi og góðum starfsanda. Það er því ekki að undra að gamall nemandi skólans sagði einu sinni: „Við útskrifumst úr Grundaskóla en við yfirgefum hann aldrei”, en þessi orð segja ákaflega margt um þann góða anda sem ríkir í Grundaskóla.”

30. janúar 2006

*Nánari upplýsingar um heimsókn forsetahjóna til Grundaskóla veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Guðbrandur Stígur Ágústsson framkvæmdastjóri Íslensku menntaverðlaunanna (862 8049) . Þá má jafnframt leita upplýsinga hjá skólastjóra Grundaskóla og hjá bæjarstjóranum á Akranesi.*